

ADAM

Adam var sannur brautryðjandi. Hann var fyrsti maðurinn á jörðu og fyrsti spámaðurinn. Hann kenndi fjölskyldu sinni fagnaðarerindið, en jafnvel allt frá upphafi voru þeir margir sem „leitðu sinna eigin ráða í myrkri“ og höfnuðu sannleikanum (HDP Móse 6:28).

ENOK

Hafið þið einhvern tíma heyrt um heila borg sem tekin var upp til himins? Svo mikið réttlæti ríkti í borginni Síon – sem Enok stofnaði – að fólk þar fékk að dvelja hjá Guði (sjá HDP Móse 7:23).

NÓI

Þið þekkið frásögnina um Nóa og Örkina. Aðeins átta manns – Nói og fjölskylda hans – var bjargað úr flóðinu, því þau hlustuðu á aðvaranir Nóa (sjá 1. Mósebók 7; HDP Móse 8). Vissuð þið hins vegar að hann hlaut prestdæmið tíu ára gamall (sjá K&S 107:52) og að „risar... sóttust eftir lífi Nóa“? (HDP Móse 8:18).

ABRAHAM

Abraham var næstum fórnað af ranglátum prestum, en engill kom honum til bjargar (sjá Abraham 1). Hann hlaut nokkrar dásamlegar opinberanir, þar sem talið sýn um fortíveruna. Meðlimir kirkjunnar eru niðjar hans og sáttmáli Abrahams er kenndur við hann. (Sjá Abraham 2-5.)

MÓSE

Móse leiddi Ísraelsmenn út úr Egyptalandi og til frelsis. Hann „Reyndi af kostgæfni að helga þjóð sína, svo að hún mætti líta ásjónu Guðs, en þeir hertu hjörtu sín og fengu ei staðist návist hans“ (K&S 84:23-24). Í raun þá ráfuðu þeir um eyðimörkina í 40 ár sökum fráhrarfs síns.

JESÚS KRISTUR

Jesús Kristur kenndi ekki aðeins fagnaðarerindið og gerði fjölmörg kraftaverk, heldur stofnaði hann líka kirkju sína á jörðu. Hann friðþægði fyrir syndir okkar og var krossfestur og reis upp, til að gera okkur kleift að sigrast á andlegum og líkamlegum dauða. Hann er höfuð kirkju sinnar nú og prestdæmisvaldið á rætur í honum og himneskum föður.

FRÁHVARFIÐ MIKLA

Eftir upprisu frelsarans, reyndu postular hans og fleiri kirkjuleiðtogar að breiða út fagnaðarerindið, en fólk þar hafnaði kenningum þeirra og myrti jafnvel marga postulanna. Fylling fagnaðarerindisins glataðist á jörðu, vegna þess hve fólk þar var ranglætt. Heimurinn féll í andlegt myrkur (sjá Jesaja 60:2).

- Í yfir 1000 ár hafði fólk þar ekki aðgang að helgiathöfnum sáluhjálpar, blessunum musterisins eða leiðsögn spámanns.
- Dýrmætur sannleikur glataðist úr Biblíunni.
- Falskar hugmyndir voru kenndar um raunverulegt eðli Guðs.
- Sumum helgiathöfnum sáluhjálpar var breytt eða þær ranglega kenndar (sjá Jesaja 24:5).
- Fráhvarfið leiddi að lokum til framsetningar margra kirkna.

SIÐBÓTIN

Í Fráhvarfinu mikla gerðu nokkrir trúarlega sinnaðir menn í Evrópu sér grein fyrir að fagnaðarerindið væri ekki réttilega kennt. Dessir siðbótarmenn voru ekki spámenn, en reyndu sitt besta til að kenna sannleikann eins og þeir skildu hann. Deir lögðu sitt af mörkum til að gera Biblíuna almennari. Margir börðust fyrir trúfrelsi og opnuðu þannig leið fyrir hið endurreista fagnaðarerindi.

FORSVARAR RÁÐSTÖFUNARTÍMA

Þessi spámenn voru kallaðir af Guði, „vegna mikillar trúar sinnar og góðra verka“ (Alma 13:3; sjá einnig Abraham 3:22-23). Prestdæmislyklarnir sem þeir höfðu voru endurreistir spámanningnum Joseph Smith. Hér eru nokkrir athyglisverðir punktar um þessa spámenn. Athugið hvað annað þið getið lært um þá með því að kanna ritningarnar.

JOSEPH SMITH

Var þá fylling fagnaðarerindisins endanlega glötuð? Nei! Guð opinberaði Joseph Smith aftur mikilvægan sannleika. Himneskir sendiboðar endurreistu honum alla nauðsynlega prestdæmislykla (sjá K&S 27:8-13; 110; 128:18-21), sem gerði þennan tíma að „ráðstöfun fyllingar tímanna“ (K&S 138:48). Þessi tími er líka kunnur sem síðari dagar, því hann er síðasta ráðstöfunin fyrir síðari komu Jesú Krists.

Þið eruð hér

ENDURREISNIN

Hugið ykkur! ÞIÐ hafið blessanir endurreisnarinnar. Já, þið!

- Kirkja Jesú Krists var endurreist með spámönnum og postulum til að leiða hana.
- Mormónsbók, Kenning og sáttmálar og Hin dýrmæta perla og fleiri nútíma opinberanir geyma endurreistan dýrmætan sannleika, sem áður var glataður (sjá 2. Nefi 27).
- Joseph Smith tók á móti Aronsprestðæminu af hendi Jóhannesar skírara (sjá K&S 13) og Melkisedepsprestðæminu af hendi Péturs, Jakobs og Jóhannesar (sjá K&S 128:20).
- Réttmætir prestdæmisfarar framkvæma helgiathafnir sáluhjálpar á réttan hátt.
- Við vitum að sannleikurinn mun aldrei framar glatast vegna fráhrarfs (sjá Daniel 2:44). ■